



Fjallabyggð



Jólagjöf til starfsmanna Fjallabyggðar

Gjafabréf

Fjallabyggð auglýsir eftir verslunar- og þjónustuaðilum í Fjallabyggð sem hafa áhuga á að vera með í að taka á móti gjafabréfum sem eru jólagjöf til starfsmanna sveitarfélagsins.

Gjafabréfin virka sem greiðsla upp í kaup á vöru og þjónustu í Fjallabyggð. Viðkomandi fyrirtæki fá síðan upphæðina greidda á skrifstofu Fjallabyggðar gegn framvísun reiknings og gjafabréfsins.

Skilyrði fyrir þátttöku verslunar- og þjónustuaðila er að viðkomandi sé með starfsemi í Fjallabyggð.

Skráningarfrestur er til 24. nóvember.

Mælst er til þess að handhafi gjafabréfs noti það á tímabilinu 1. desember 2022 til og með 20. janúar 2023 en þau falla þó ekki úr gildi á árinu 2023



Skráning fer fram á netfanginu fjallabyggd@fjallabyggd.is
eða rafrænt gegnum „Rafræn Fjallabyggð“

Nánari upplýsingar gefur Bragi Freyr Kristbjörnson í síma 464 9100